



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Strandabyggð 18/4/2018

Umsögn um 429. mál, 148. löggjafabings, Stjórn fiskveiða – Strandveiðar.

## Ályktun frá sveitarstjórnar Strandabyggðar

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur fjallað um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða – strandveiðar og gerir eftirfarandi ályktun:

Sveitarstjórn Strandabyggðar tekur heilshugar undir ályktun og greinargerð sem sveitarstjórn Skagastrandar sendi frá sér þann 4/4/2018 vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða – strandveiða, og vill gera þau orð að sínum, enda sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaga við Húnaflóa.

Sveitarfélagi Strandabyggð er í mikilli varnarbaráttu þar sem íbúum hefur fækkað um 13% síðustu 5 árin. Strandveiðar skipa stóran sess í fábreyttu atvinnulífi svæðisins og skipta sveitarfélagið miklu máli. Öll skerðing strandveiða á svæðinu hefði verulega neikvæð áhrif á byggðaþróun á svæðinu.

Jákvæðum þáttum frumvarpsins ber að fagna, s.s. því að leitast er við að auka öryggi, jafnræði og efla strandveiðikerfið í heild. Einnig er það jákvætt að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir auknum aflaheimildum inn í kerfið og jafnframt litið til aukins frjálstræðis við val á veiðidögum.

Hinsvegar eru þeir neikvæðu þættir sem sveitarstjórn leggst alfarið gegn, s.s. þeim hugmyndum um að landið sé allt einn kvótapottur fyrir strandveiðar þar sem Fiskistofa hafi heimildir til að stöðva veiðar þegar heildarmagni er náð. Slíkt myndi hafa áhrif á hvaðan strandveiðar eru stundaðar og gæti kippt rekstrargrundvelli undan ákveðnum höfnum og fiskmörkuðum, sérstaklega við Húnaflóann. Upphaflegt markmið strandveiða var að styrkja sjávarbyggðir, þessar tillögur fara gegn því markmiði.

Sveitarstjórn Strandabyggðar skorar á sjávarútvegsráðherra að líta til þeirra sjónarmiða sem koma fram í ályktun og greinargerð sveitarstjórnar Skagastrandar. Tilraunastarfsemi ríkisvaldsins má ekki vera á kostnað lítilla fyrirtækja, sjávarbyggðanna og fólksins sem byggir landið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Strandabyggðar,

*Andrea K. Jónsdóttir*  
sveitarstjóri